

Bæjarstjórn Blönduósbæjar

4. FUNDUR – 19. október 2010

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 4. fundar fimmtudaginn 19. október 2010 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) *Bæjarráð frá 7. október 2010*
- b) *Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 11. október 2010*
- c) *Æskulýðs- og tómstundanefnd frá 30. september 2010*

2. Skólastefna Blönduósbæjar

Forseti óskaði eftir því að taka upp liðinn önnur mál og var það samþykkt.

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

a. *Bæjarráð frá 7. október 2010*

Fundargerðin er í 5 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Umræður urðu um fundargerðina. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

b. *Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 11. október 2010*

Fundargerðin er í 10 liðum. Dagskrárliður 5 í fundargerðinni fjallar um Brimslóð 2 en ekki Brimslóð 6 eins og fram kemur í fundargerðinni. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Talsverðar umræður urðu um fundargerðina. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 6 atkvæðum, 1 var fjarverandi.

c. *Æskulýðs- og tómstundanefnd frá 30. september 2010*

Fundargerðin er í 4 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Umræður urðu um fundargerðina. Bæjarstjórn vill fara þess á leit við Æskulýðs- og tómstundanefnd að hún vinni yfirlit yfir stöðu og sögu vinarbæjarsamskipta og geri tillögu um skipan þessara mála.

Að umræðum loknum var fundargerðin og bókunin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. Skólastefna Blönduósbæjar.

Lögð fram til kynningar. Umræðum og kynningu frestað til næsta fundar.

3. Önnur mál

a. Lántaka

Forseti lagði fram eftirfarandi tillögu: „Bæjarstjórn Blönduósþéjar samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 120.000.000 kr. til 14 ára, í samræmi við lánessamning nr. 44/2010 sem liggur fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að fjármagna byggingu sundlaugar, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Arnari Þór Sævarssyni, bæjarstjóra, kt. 161171-4339 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Blönduósþéjar að undirrita lánessamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.“

Bæjarstjórn samþykkir tillöguna með 4 atkvæðum, 3 sátu hjá.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:50

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)

Þórdís Erla Björnsdóttir (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)